

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/40/EB

frá 26. júní 2000

um samræmingu laga aðildarríkjanna um undirakstursvörn að framan fyrir vélknúin ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFÁ,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun 97/836/EB ⁽⁴⁾ heimilaði ráðið, með samþykki Evrópuþingsins, bandalaginu að gerast aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem var gerður í Genf 20. mars 1958, eins og hann var endurskoðaður 16. október 1995, um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem er veitt á grundvelli þessara forskrifta.
- 2) Með aðild sinni að fyrrnefndum samningi hefur bandalagið gerst aðili að tiltekinni skrá reglugerða sem hafa verið samdar á grundvelli þess samnings. Í skrá þessari er að finna reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 93 ⁽⁵⁾.

- 3) Til þess að fækka fórnarlömbum umferðarslysa í Evrópu er nauðsynlegt að fella án tafar ráðstafanirnar sem teknar voru upp með reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 93 inn í EB-gerðarviðurkenningaradferðina, sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽⁶⁾, í því skyni að bæta varnir farþega og ökumanns í farþegabifreiðum og léttum sendibifreiðum gegn meiðslum við árekstur framan á þungaflutningabifreiðar og að gera framleiðendum slíks búnaðar og ökutækja með slíkan búnað kleift að fá EB-gerðarviðurkenningu ef þau uppfylla tæknilegar kröfur þeirrar reglugerðar.
- 4) Í samræmi við dreifraðisregluna og meðalhófsregluna, eins og um getur í 5. gr. sáttmálans, geta aðildarríkin ekki náð markmiðum þessarar reglugerðar svo vel sé sökum umfangs og áhrifa fyrirhugaðra aðgerða á viðkomandi sviði og því er auðveldara að ná þeim á vettvangi bandalagsins. Tilskipun þessi gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til þess að ná fram markmiði hennar sem er EB-gerðarviðurkenning.
- 5) Tilskipun þessi er ein sértilskipananna sem ber að fara eftir til þess að samrýmast EB-gerðarviðurkenningaradferðinni. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, sem varða ökutæki, kerfi, fhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.
- 6) Með tilliti til þess verulega fjölda umferðarslysa, þar sem vöruflutningabifreiðar, sem eru með meiri massa en 3,5 tonn, koma við sögu, og í því skyni að auka umferðaröryggi skulu ákvæðin um slík ökutæki þar af leiðandi vera lögboðin með þessari tilskipun án þess að beðið sé eftir frekari viðbótum við EB-gerðarviðurkenningu fyrir þennan flokk ökutækja.
- 7) Breyta ber tilskipun 70/156/EBE með tilliti til þessa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 89, 30.3.1999, bls. 11.⁽²⁾ Stjtið. EB C 209, 22.7.1999, bls. 8.⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 27.10.1999 (Stjtið. EB C 154, 5.6.2000, bls. 50), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27.3.2000 (Stjtið. EB C 178, 27.6.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17.5.2000.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78.⁽⁵⁾ Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, skjal E/EBE/324.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/91/EB (Stjtið. EB L 11, 16.1.1999, bls. 25).

a) „ökutæki“ öll ökutæki eins og þau eru skilgreind í A-þætti II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE;

b) „undirakstursvarnarbúnaður að framan“ er undirakstursvarnarbúnaður að framan sem er ætlaður sem hluti ökutækis og unnt er að viðurkenna sem aðskilda tæknieiningu í samræmi við 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

2. gr.

1. Frá og með 10. ágúst 2001 eða, ef birtingin, sem um getur í 3. gr., dregst fram yfir 10. febrúar 2001, sex mánuðum eftir fyrrnefndan birtingardag, er aðildarríkjunum óheimilt, af ástæðum er varða undirakstursvörn að framan:

a) að neita að veita EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis eða gerð undirakstursvarnarbúnaðar að framan sem telst vera aðskilin tæknieining; eða

b) að banna að ökutæki eða undirakstursvarnarbúnaður, sem telst vera aðskilin tæknieining, verði skráð, seld eða tekin í notkun;

ef ökutækin eða aðskildu tæknieiningarnar eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

2. Frá og með 10. ágúst 2003 skulu aðildarríkin:

a) hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis eða gerð undirakstursvarnarbúnaðar að framan sem telst vera aðskilin tæknieining;

b) neita að skrá, selja eða taka í notkun ný ökutæki eða nýjan undirakstursvarnarbúnað, sem nýjar aðskildar tæknieiningar;

af ástæðum er varða undirakstursvörn að framan ef kröfum þessarar tilskipunar hefur ekki verið fullnægt.

3. Stjórnsýsluákvæðin um EB-gerðarviðurkenningu skulu vera eins og segir í I. viðauka.

Gildissvið þessarar tilskipunar og tæknilegu kröfurnar, sem ber að uppfylla vegna veitingar EB-gerðarviðurkenningar, skulu vera eins og mælt er fyrir um II. viðauka.

3. gr.

Birta skal reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 93 í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalaganna* fyrir 10. febrúar 2001.

4. gr.

Tilskipun 70/156/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

a) Í stað liðar 2.3.4 komi eftirfarandi:

„2.3.4. Breidd framáss (mæld við ysta hluta hjólbarðanna að frátalinni bungu á hjólbörðum nærri jörðu): ...“.

b) Eftirfarandi liðir eru felldir inn:

„9.22. Undirakstursvörn að framan

9.22.1. Teikning af þeim hlutum ökutækisins sem skipta máli varðandi undirakstursvörn að framan, þ.e. teikning af ökutækinu og/eða undirvagni ásamt staðsetningu og festingu breiðasta framáss, teikning af festingunni og/eða festingum undirakstursvarnarinnar. Ef undirakstursvörnin er ekki sérstakur búnaður skal sjást greinilega á teikningunni að stærðir séu í samræmi við það sem krafist er: ...

9.22.2. Ef undirakstursvörnin er sérstakur búnaður skal fylgja ítarleg lýsing og/eða teikning af henni (að festingum meðtöldum) eða gerðarviðurkenningarnúmer hafi hún fengið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining: ...“.

2. V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við I. hluta:

Viðfang	Tilskipun nr.	Tilvísun í Stjórnartíðindin	Gildissvið												
			M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄			
„57. Undirakstursvörn að framan	2000/40/EB	L 203 frá 10.8. 2000, bls. 9						X	X						

b) Eftirfarandi liður bætist við II. hluta:

Viðfang	Grunnreglugerð nr.	Röð breytinga	Viðbót	Leiðrétting (²)
„57. Undirakstursvörn að framan	93	—	—	—“

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 10. ágúst 2001. Hafi birtingin, sem um getur í 3. gr., dregist fram yfir 10. febrúar 2001 skulu aðildarríkin uppfylla þessa skuld-bindingu innan sex mánaða frá fyrrnefndri birtingu. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá 10. ágúst 2001 eða, ef birtingin sem um getur í 3. gr. dregst fram yfir 10. febrúar 2001, sex mánuðum eftir fyrrnefnda birtingu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. COELHO

forseti.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI: Stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu

1. viðbætur: Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem aðskilinnar tæknieiningar
2. viðbætur: Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til uppsetningar á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining
3. viðbætur: Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til undirakstursvarnar þess að framan
4. viðbætur: Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði (fyrir gerð búnaðar til undirakstursvarnar að framan sem aðskilinnar tæknieiningar)
5. viðbætur: Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði (fyrir gerð ökutækis með tilliti til uppsetningar á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining)
6. viðbætur: EB-gerðarviðurkenningarvottorð (fyrir gerð ökutækis með tilliti til undirakstursvarnar þess að framan)
7. viðbætur: Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarmerki

II. VIÐAUKI: Gildissvið og tæknilegar kröfur

I. VIÐAUKI

SJTÓRNSÝSLUÁKVÆÐI UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU

1. UMSÓKN UM GERÐARVIÐURKENNINGU
 - 1.1. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem aðskilinnar tæknieiningar
 - 1.1.1. Framleiðandi undirakstursvarnarinnar skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem telst vera aðskilin tæknieining í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
 - 1.1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.
 - 1.1.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té dæmigert eintak fyrir þá gerð búnaðar sem viðurkenna á. Ef tækniþjónustan telur það nauðsynlegt er henni heimilt að óska eftir fleiri sýnishornum. Merkja skal sýnin greinilega og óafmáanlega með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjanda og heiti gerðarinnar.
 - 1.2. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til uppsetningar á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining
 - 1.2.1. Framleiðandi ökutækisins skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
 - 1.2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 2. viðbæti.
 - 1.2.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té dæmigert ökutæki fyrir gerðina sem á að viðurkenna ásamt undirakstursvörninni sem á að setja upp, og sem hlotið hefur gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining.
 - 1.3. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til undirakstursvarnar þess að framan
 - 1.3.1. Framleiðandi ökutækisins skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
 - 1.3.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 3. viðbæti.
 - 1.3.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, í té dæmigert ökutæki fyrir gerðina sem á að viðurkenna.
2. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR
 - 2.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
 - 2.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna:
 - 2.2.1. í 4. viðbæti fyrir undirakstursvarnarbúnað að framan sem aðskilinnar tæknieiningar;

2.2.2. í 5. viðbæti fyrir gerð ökutækis með tilliti til uppsetningar á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining;

2.2.3. í 6. viðbæti fyrir gerð ökutækis með tilliti til undirakstursvarnar þess að framan.

2.3. Hverri gerð undirakstursvarnarbúnaðar að framan eða gerð ökutækis, sem fær viðurkenningu, er úthlutað viðurkenningarnúmeri í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Aðildarríki má ekki úthluta sama númeri fyrir aðra gerð undirakstursvarnarbúnaðar að framan eða aðra gerð ökutækis.

3. EB-GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI FYRIR AÐSKILDAR TÆKNIEININGAR

3.1. Allur undirakstursvarnarbúnaður að framan, sem samrýmist gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun sem aðskilin tæknieining, skal hafa EB-gerðarviðurkenningarmerki.

3.2. Merkið samanstendur af réttthyrningi sem lykur um lágstafrinn „e“ og á eftir fylgir auðkennisnúmer þess aðildarríkis sem veitt hefur gerðarviðurkenningu:

1 fyrir Þýskaland	12 fyrir Austurríki
2 fyrir Frakkland	13 fyrir Lúxemborg
3 fyrir Ítalíu	17 fyrir Finnland
4 fyrir Holland	18 fyrir Danmörku
5 fyrir Svíþjóð	21 fyrir Portúgal
6 fyrir Belgíu	23 fyrir Grikkland
9 fyrir Spán	24 fyrir Írland
11 fyrir Breska konungsríkið	

„Grunnviðurkenningarnúmerið“, sem er í 4. þætti gerðarviðurkenningarnúmersins sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, er sett nálægt réttthyrningnum og þar fyrir framan tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu verulegu tæknibreytingar á tilskipun 2000/40/EB þann dag sem EB-gerðarviðurkenning var veitt. Í þessari tilskipun er raðnúmerið 00.

3.3. EB-gerðarviðurkenningarmerkið skal fest á undirakstursvarnarbúnaðinn með þeim hætti að það sé óafmáanlegt og auðlæsilegt jafnvel þótt búnaðurinn hafi verið festur á ökutæki.

3.4. Sýnishorn af EB-gerðarviðurkenningarmerkinu er að finna í 7. viðbæti.

4. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGU

4.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda ef breyta á gerð ökutækis sem er viðurkennd samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

5. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

5.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

1. viðbætur

UPPLÝSINGASKJAL NR. ...

um EB-gerðarviðurkenningu á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem aðskilinnar tæknieiningar*(Tilskipun 2000/40/EB, eins og henni var síðast breytt með .../.../EB)*

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS/ÖKUTÆKJANNA
- sem ætlunin er að festa búnaðinn á að svo miklu leyti sem viðkemur undiraksturvarnarbúnaði að framan
- 1.1. Gerð ökutækis/ökutækja og flokkur ⁽¹⁾ (ef þörf krefur):
- 1.2. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu:
2. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR BÚNAÐARINS
- 2.1. Ítarleg lýsing og/eða teikning á undirakstursvarnarbúnaðinum að framan (að festingum meðtöldum):
.....
- 2.2. Takmörkun á notkun og forskrift varðandi festingar (ef einhver):
- 2.3. Staðsetning álagspunktanna á búnaðinum sem prófunarkraftinum er beitt á:

Dagsetning, mappa

⁽¹⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-þætti II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

2. viðbætur

UPPLÝSINGASKJAL NR. ...

samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽¹⁾ um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til uppsetningar á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining

(Tilskipun 2000/40/EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:.....
- 0.2.1. Verslunarheiti (ef þær upplýsingar liggja fyrir):
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu ^(b):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ^(c):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:.....
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS/ÖKUTÆKJANNA
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:.....
2. MASSAR OG MÁL ^(c)
(í kg og mm) (Sjá teikningu þar sem við á)
- 2.3.4. Breidd framáss (mæld við ysta hluta hjólbarðanna að frátalinni bungu á hjólbörðum nærri jörðu):
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilkynnt hann ^(d) (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði):

⁽¹⁾ Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar:
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir:
- 9.22. Undirakstursvörn að framan
- 9.22.1. Teikningar af þeim hlutum ökutækisins sem skipta máli varðandi undirakstursvörn að framan, þ.e. teikning af ökutækinu og/eða undirvagni ásamt staðsetningu og festingu breiðasta framáss, teikning af festingunni og/eða festingum undirakstursvarmarinnar. Ef undirakstursvörnin er ekki sérstakur búnaður skal sjást greinilega á teikningunni að stærðir séu í samræmi við það sem krafist er:
- 9.22.2. Ef undirakstursvörnin er sérstakur búnaður skal fylgja ítarleg lýsing og/eða teikning af henni (að festingum meðtöldum) eða gerðarviðurkenningarnúmer hafi hún fengið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining:

Dagsetning, mappa

3. viðbætur

UPPLÝSINGASKJAL NR. ...

samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽¹⁾ um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til undirakstursvarnar þess að framan*(Tilskipun 2000/40/EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)*

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....
- 0.2. Gerð:.....
- 0.2.1. Verslunarheiti (ef þær upplýsingar liggja fyrir):.....
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu ^(b):.....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ^(c):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:.....
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:.....
2. MASSAR OG MÁL ^(e)
(í kg og mm) (Sjá teikningu þar sem við á)
- 2.3.4. Breidd framáss (mæld við ysta hluta hjólbardanna að frátalinni bungu á hjólbörðum nærri jörðu):
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilkynnt hann ^(f) (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði):

⁽¹⁾ Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingarskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar:.....
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir:
- 9.22. Undirakstursvörn að framan
- 9.22.1. Teikningar af þeim hlutum ökutækisins sem skipta máli varðandi undirakstursvörn að framan, þ.e. teikning af ökutækinu og/eða undirvagni ásamt staðsetningu og festingu breiðasta framáss, teikning af festingunni og/eða festingum undirakstursvarmarinnar. Ef undirakstursvörnin er ekki sérstakur búnaður skal sjást greinilega á teikningunni að stærðir séu í samræmi við það sem krafist er:
- 9.22.2. Ef undirakstursvörnin er sérstakur búnaður skal fylgja ítarleg lýsing og/eða teikning af henni (að festingum meðtöldum) eða gerðarviðurkenningarnúmer hafi hún fengið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining:
- 9.22.3. Staðsetning álagspunktanna á búnaðinum sem prófunarkraftinum er beitt á:
- Dagsetning, mappa
-

4. viðbætur

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill
yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾,
- rýmkun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,
- synjun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,
- afturköllun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun/...../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾ ⁽²⁾:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾ ⁽³⁾:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningamerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

⁽³⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-þætti II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

II. HLUTI

1. Frekari upplýsingar (ef við á): sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

 Viðbót

við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ..., vegna gerðarviðurkenningar undirakstursvarnarbúnaðar að framan sem aðskilinnar tæknieiningar

(Tilskipun 2000/40/EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)

1. Frekari upplýsingar
 - 1.1. Smíði
 - 1.1.1. Efni:
 - 1.1.2. Aðferð við að festa á:
 - 1.1.3. Mál búnaðarins:
 - 1.2. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu ökutækisins/ökutækjanna sem festa á búnaðinn á:
 - 1.3. Takmörkun á notkun búnaðarins (ef einhver):
 - 1.4. Hámarksaflögun, lárétt og lóðrétt, á meðan og eftir að prófunarkraftinum hefur verið beitt á hvaða álagspunkt sem er:
5. Athugasemdir:

5. viðbætur

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill
yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾,
- rýmkun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,
- synjun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,
- afturköllun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun .../.../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1 Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2 Gerð:
- 0.3 Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾ ⁽²⁾:
- 0.3.1 Staðsetning auðkennisins:
- 0.4 Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾ ⁽³⁾:
- 0.5 Nafn og heimilisfang framleiðanda:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

⁽³⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-þætti II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

- 0.7 Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8 Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. HLUTI

1. Frekari upplýsingar (ef við á): sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

—————
Viðbót

við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...vegna gerðarviðurkenningar ökutækis með tilliti til uppsetningar á undirakstursvarnarbúnaði að framan sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining.

(Tilskipun 2000/40/EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)

1. Frekari upplýsingar
- 1.4. Massi ökutækisins sem er lagt fram og massi á hvern ás:
- 1.4.1. Framás:
- 1.4.2. Afturás:
- 1.4.3. Heildarmassi:
- 1.5. Gerðarviðurkenningarnúmer undirakstursvarnarbúnaðarins að framan:
5. Athugasemdir: (t.d.: gildir jafnt um ökutæki með stýri hægra og vinstra megin)

—————

6. viðbætur

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill
yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾,
- rýmkun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,
- synjun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,
- afturköllun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun .../.../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1 Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2 Gerð:
- 0.3 Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾ ⁽²⁾:
- 0.3.1 Staðsetning auðkennisins:
- 0.4 Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾ ⁽³⁾:
- 0.5 Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7 Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar.....
- 0.8 Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

⁽¹⁾ Strikið út það sem ekki á við.

⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

⁽³⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-þætti II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

II. HLUTI

1. Frekari upplýsingar (ef við á): sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

Viðbót


við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ... vegna gerðarviðurkenningar ökutækis með tilliti til undirakstursvarnar þess að framan

(Tilskipun 2000/40/EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB)

1. Frekari upplýsingar
 - 1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til þeirra hluta þess sem veita vörn að framan:
 - 1.4. Massi ökutækisins sem er lagt fram og massi á hvern ás
 - 1.4.1. Framás:
 - 1.4.2. Afturás:
 - 1.4.3. Heildarmassi:
 - 1.5. Hámarksaflögun, lárétt og lóðrétt, á meðan og eftir að prófunarkraftinum hefur verið beitt á hvaða álagspunkt sem er:
5. Athugasemdir: (t.d.: gildir jafnt um ökutæki með stýri hægra eða vinstra megin)

7. viðbætur

FYRIRMYND AÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI



00 2439 $\frac{a}{3}$

Búnaðurinn til undirakstursvarnar að framan, sem ber EB-gerðarviðurkenningarmarki fhlutar hér að ofan, er búnaður sem hefur fengið gerðarviðurkenningu í Þýskalandi (e 1) samkvæmt þessari tilskipun með grunnviðurkenningarnúmerinu 2439.

Tölustafirnir eru aðeins til leiðbeiningar.

II. VIÐAUKI

GILDISSVIÐ OG TÆKNILEGAR KRÖFUR

1. GILDISSVIÐ

1.1. Þessi tilskipun gildir um:

1.1.1. undirakstursvararbúnað að framan sem aðskilda tæknieiningu sem ætlaður er til festingar á ökutæki í flokkum N₂ og N₃(¹);

1.1.2. ökutæki í flokkum N₂ og N₃ með tilliti til uppsetningar á búnaði til undirakstursvarnar að framan sem hefur hlötið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining;

1.1.3. ökutæki í flokkum N₂ og N₃ með tilliti til undirakstursvarnar þeirra.

1.2. Ökutæki í flokki N₂ með 7,5 tonna hámarks massa skulu uppfylla kröfuna um 400 mm hæð yfir jörðu eins og fram kemur í þessari tilskipun.

1.3. Kröfur þessarar tilskipunar gilda ekki um:

1.3.1. torfærutæki í flokkum N₂ og N₃;

1.3.2. ökutæki sem vegna fyrirhugaðrar notkunar þeirra samræmast ekki ákvæðum vegna undirakstursvarnar að framan.

2. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

2.1. „hámarksmassi“ ökutækis er tæknilega leyfilegur hámarkshleðslumassi sem skilgreindur er í lið 2.8. í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE;

2.2. „óhlaðið ökutæki“ er ökutæki tilbúið til aksturs með massann sem skilgreindur er í lið 2.6. í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE;

2.3. „gerð undirakstursvararbúnaðar að framan“ er búnaður til undirakstursvarnar að framan sem ekki er frábrugðinn hvað varðar grundvallareiginleika svo sem lögum, mál, festingar, smíðafni og merkingar sem getið er um í lið 1.1.3 í I. viðauka;

2.4. „undirakstursvörn að framan“ merkir að á ökutækinu að framan er annaðhvort:

sérstakur undirakstursvararbúnaður að framan; eða

hægt er að líta svo á að vegna lögunar sinnar og eiginleika gegni yfirbygging, hlutar undirvagns eða aðrir íhlutir hlutverki undirakstursvararbúnaðar að framan;

2.5. „gerð ökutækis“: ökutæki sem eru eins í meginatriðum, til dæmis hvað varðar:

2.5.1. breidd framáss, mælda við ysta hluta hjólbarðanna að frátalinni bungu á hjólbörðum nærri jörðu;

(¹) Í samræmi við skilgreininguna í A-þætti II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

- 2.5.2. byggingu, stærð, lögun og smíðaeefni í fremri hluta ökutækisins að svo miklu leyti sem þau hafa áhrif á kröfur viðkomandi hluta þessarar tilskipunar;
- 2.5.3. viðurkennda undirakstursvarnarbúnaðinn að framan sem festur er á ökutækið;
- 2.5.4. hámarksmassa gerðar ökutækis.

3. TÆKNILEGAR KRÖFUR

Tæknilegu kröfurnar, sem verður að uppfylla til þess að fá gerðarviðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun, eru þær sem settar eru fram í 6., 8. og 10. mgr. ásamt 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 93 með eftirfarandi undantekningum:

- 3.1. í lið 8.2. ber að skilja yrðinguna „tilkynningarskjal sem er í 1. viðauka“ sem „EB-gerðarviðurkenningarskjal sem er í 1. viðauka, 5. viðbæti“;
 - 3.2. í lið 8.3. ber að skilja yrðinguna innan sviga „(9. liður, 1. viðauka)“ sem „(liður 1.4, viðbót, 4. viðbæti, I. viðauka)“;
 - 3.3. í lið 8.6. ber að skilja yrðinguna innan sviga „(8. liður, 1. viðauka)“ sem „(liður 2.3, 1. viðbæti, I. viðauka)“;
 - 3.4. í lið 3.5.1 í V. viðauka ber að skilja yrðinguna „til notkunar samkvæmt III. hluta“ sem „til notkunar samkvæmt lið 1.3 í I. viðauka“;
-